

Varnaraðili Guðbjarni Ólafsson heldur því aftur á móti fram, að allir þessir munir hafi verið keyptir fyrir fé félagsbús þeirra hjóna og séu þeir því eign þess.

Gögn þau, sem lögð hafa verið fram í málinu, sanna ekki, hver sé eigandi þeirra muna, sem hér er deilt um, og heldur ekki verður talið, að framburður þeirra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, skeri til fulls úr um það, að sóknaraðili sé eigandi umdeilda muna. Hins vegar má ætla með tilliti til þeirra tekna, sem sóknaraðili hefur haft á þessum árum, sem sést af skattaframtölum hans, svo og viðskiptareikningi hans við Landsbankann, að hann hefði vel getað eignast þessa muni, sem telja má honum gagnlega, fyrir eigið fé, og ef litið er á síðustu skattaframtöl hans, þá sést, að hann hefur gefið upp til skatts fyrir árin 1949 og 1950 kr. 2500.00 í innanstokksmunum, og fyrir árið 1951 kr. 5500.00, á sama tíma sem varnaraðili gefur upp innanstokksmuni fyrir aðeins kr. 1000.00.

Að þessu öllu athuguðu þykir ástæða til að ætla, að sóknaraðili eigi muni þá, sem deilt er um í máli þessu, og þykir því rétt að taka kröfur hans til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Sigmundar Guðbjarnasonar, um afhendingu framangreindra muna úr félagsbúi Sigríðar Bjarnadóttur og Guðbjarna Ólafssonar, skal tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. október 1953.

Nr. 170/1950. **Ólafur Pétursson** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Sigurði Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1950, og gagnáfrýjandi hefur áfrýjað því af sinni hálfu með stefnu 18. maí 1951, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar.

Í máli þessu hefur aðaláfrýjandi meðal annars gert þær kröfur, að tiltekin ummæli um hann í 69., 77., 83., 91. og 92. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans árið 1949 verði dæmd dauð og ómerk og gagnáfrýjanda dæmd refsing fyrir þau. Héraðsdómari hefur talið ummæli þessi í heild hafa verið sett fram á ótilhlýðilegan hátt og varða við ákvæði 237. gr. laga nr. 19/1940, og hefur hann ómerkt ummælin að því leyti og dæmt gagnáfrýjanda refsingu fyrir þau. Hins vegar hefur hann ekki tekið einstök ummæli, sem stefnt er út af, til athugunar og úrlausnar hver fyrir sig og metið og rökstutt, hvort og að hverju leyti þau kynnu að vera refsiverð eða eiga að sæta ómerkingu. Er þessi úrlausn héraðsdómarans svo óákveðin, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað.

Eftir atvikum og þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. des. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ólafur Pétursson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefni 16. maí 1949 gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1, hér í bænum, vegna ummæla í greinum, er birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, hér í bænum, dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl f. á., en stefndi var ábyrgðarmaður þess blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

Í 69. tibl., er út kom 27. marz f. á., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Burt með leppstjórnnina“, þessi ummæli:

„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannlifa.“

Í 77. tibl., er út kom 6. apríl s.l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis“, þessi ummæli:

„... hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn“ var hann kallaður í Noregi Dæmdur glæpamaður fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi.“

Í 83. tibl., er út kom 13. apríl s.l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu til efni“, þessi ummæli:

„Þjóðviljinn hefir skýrt frá þáttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítliðasveitum Heimdallarskrilsins, mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina“ „Íslenzkur njósnari með mörg norsk líf á samvizkunni.“

„... Íslenzka njósnaranum Ólafi Péturssyni, sem hefir mörg norsk mannlíf á samvizkunni“

Í 91. tibl., er út kom 28. apríl s. l., í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður“ með fyrirsögninni „Hurfu til upphafs síns“, þessi ummæli:

„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskynjanlegu illvirki þessa manns.“

Í 92. tibl., er út kom 28. apríl s. l., í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy“ með fyrirsögninni „Glæpamaður í gróðahug“ þessi ummæli:

„Stórglæpamaður nokkur, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvina“ „... sem hefir sagt sannleikann um blóðferil hans.“

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau, að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska að fjárhæð kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl s. l. til greiðsludags og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Refsikröfu sína byggir stefnandi á því, að hin umstefndu ummæli, sem séu ósönn, séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hin umstefndu ummæli séu sönn og því refsilaust að hafa þau um stefnanda. Á árunum 1941 og 1942 hafi stefnandi dvalið í Noregi og verið í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda þar. Í starfi sínu hafi hann ljóstrað upp um störf margra norskra manna, sem unnu í svonefndri mótsþyrnuhreyfingu, og þannig orsakað handtöku þeirra, fangelsisvist og í sumum tilfellum líflát. Fyrir þessi störf sín hafi stefnandi verið af norskum dómstóli dæmdur í 20 ára hegningarvinnu. Fyrrgreind starfsemi stefnanda hafi verið sérstaklega illkynjuð og rétt-

læti fyllilega ummælin. Honum hafi verið sleppt úr haldi í Noregi fyrir atbeina íslenzkra stjórnarvalda, en það hafi mælt illa fyrir í Noregi.

Af hálfu stefnanda hefur verið talið, að fyrrgreindur refsisdómur sé ólögmaður og rangur.

Í málinu er fram komið, að þann 31. maí 1947 var stefnandi dæmdur af Bergens Lagsogns Lagmannsrett í 20 ára hegningarvinnu fyrir brot gegn norskum hegningarlagaákvæðum, en áður hafði sami dómstóll úrskurðað, að heimilt væri að dæma mál stefnanda af norskum dómstólum. Í refsismáli þessu taldi dómurinn sannað, að stefnandi hefði starfað í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda í Noregi á árunum 1941 og 1942 og með atferli sínu ljóstrað upp um starfsemi margra félaga svonefndrar mótspyrnuhreyfingar. Hafi þessar uppljóstranir stefnanda haft í för með sér handtökur manna þessara. Hafi sumir þeirra hlotið langa fangelsisvist, en aðrir beðið bana. Stefnandi áfrýjaði ekki dómi þessum. Af hálfu íslenzkra stjórnarvalda voru gerðar tilraunir til að fá stefnanda framseldan, en hann er íslenzkur ríkisborgari. Þann 8. ágúst 1947 var stefnanda síðan vísað úr Noregi af norskum stjórnarvöldum. Fór hann síðan hingað til lands og hefur dvalið hér síðan. Ekki hefur hér á landi verið höfðað mál gegn stefnanda vegna framangreinds atferlis hans.

Í málinu er fram komið, að stefnda var kunnur dómur þessi, er ummæli þessi voru birt. Þar sem dómur þessi er kveðinn upp af löglegum dómstóli í ríki með hliðstæðri réttarskipan þeirri, er hér ríkir, þá verður stefnda ekki metið það til sakar, þótt hann hafi skýrt frá efni dómsins. Hins vegar verður að telja hin umstefndu ummæli sett fram á mjög ótilhlýðilegan hátt. Varða þau við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna nr. 19 frá 1940. Þykir refsing stefnda, með vísan til ákvæða laga nr. 14 frá 1948, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þar sem framsetning og form ummælanna er, eins og áður er sagt, mjög móðgandi, þykir rétt að ómerkja þau að því leyti, sbr. 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna. Ennfremur ber samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að dæma stefnda til að greiða stefnanda fé til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti, og þykir fé það hæfilega ákveðið kr. 100.00.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, þá hefur hann bent á, að í blaði því, sem hin umstefndu ummæli birtust í, hafi birzt fjöldi greina, sem séu til þess fallnar að valda tjóni, þannig að segja meggi að um ofsókn á hendur sér sé að ræða.

Af stefnda hálfu hefur skaðabótakröfunni algerlega verið mótmælt og þess krafizt, að stefnanda verði refsað fyrir tilefnislausu kröfugerð að þessu leyti.

Þegar virt eru öll atvik máls þessa, þá verður stefnandi ekki talinn eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna ummæla þessara, auk þess sem ósannað er, að þau hafi valdið honum fjárhagstjóni. Hins vegar verður sektarkrafa stefnda á hendur stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Hin umstefndu ummæli skulu, að því leyti sem að framan greinir, vera ómerk.

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ólafi Péturssyni, kr. 100.00, til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti og kr. 500.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. október 1953.

Nr. 69/1953.

Skrifstofa Eggerts Claessens og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmannna

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Geir Pálssyni (sjálfur)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Starfsþóknun lögmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1953. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 39000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1952 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 23. júní s.l. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst gagnáfrýj-